

Alþingi
Erindi nr. P 136/393
komudagur 9.12.2008

Álit

um frv. til fjárlaga 2009 fyrir árið (10 Samgönguráðuneyti).

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Fjárlaganefnd vísaði til umfjöllunar samgöngunefndar þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málavíði nefndarinnar í samræmi við ákvæði þingskapalaga.

Minni hluti samgöngunefndar leggur áherslu á mikilvægi Jöfnunarsjóðs fyrir rekstur sveitarfélaganna í landinu. Sérstaklega eru framlög sjóðsins þýðingarmikil fyrir smærri sveitarfélög vítt og breitt um landið til að hægt sé að tryggja rekstur þeirra og grunnþjónustu. Skerðing á viðbótarframlagi sjóðsins mun hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir þau sveitarfélög sem mest reiða sig á stuðning hans. Minni hlutinn telur því nauðsynlegt að halda viðbótarframlagi í Jöfnunarsjóð, sem nú stendur til að afnema, óskertu.

Farið hefur verið fram á það við ráðuneytin að þau leggi fram áætlun um 10% samdrátt í rekstri, en slíkar hugmyndir hafa ekki verið kynntar fyrir nefndinni. Auk þess hefur samgönguáætlun ekki komið fyrir nefndina. Minni hlutinn telur það marklaust að fjalla um samgöngumálin af alvöru fyrr en samgönguáætlun verður lögð fyrir nefndina og telur brýnt að nefndin gefi sér góðan tíma til að fara yfir hana áður en endurskoðað fjárlagafrumvarp kemur til umfjöllunar.

Alþingi, 9. des 2008.

Árni Þór Sigurðsson,
Birkir J. Jónsson,
Guðjón A. Kristjánsson.